



Spáum 4,1% verðbólgu í apríl - áfram yfir markmiði Seðlabankans

Hagstofan birtir aprílmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 29. apríl. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,27% hækkun vísitölnunnar milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólgan úr 4,3% í 4,1%.

VNV hækkaði um 0,49% milli mánaða í mars. Þetta var ögn meiri hækkun milli mánaða en við áttum von á, en við höfðum spáð +0,45%.

Helstu undirliðir:

Það er lítið af stórum hækkunar- eða lækkunarliðum í spánni um breytingu milli mánaða.

- Hækkun á **mat og drykkjarvörum** skýrist að stóru leyti af verðhækkunum á mjólkurvörum og smjöri. Verðlagsnefnd búvara hækkaði 1. apríl heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum um 3,5% að undanskildu smjöri sem hækkar um 8,5%.
- Hækkun á **hótel og veitingastöðum** skýrist af hækkun á veitingastöðum, en við gerum ráð fyrir að verð á hótलगistingu breytist lítið milli mánaða.
- Við teljum að áhrif húsnæðisverðs á **reiknaða húsaleigu** verði um 0,8 prósentustig til hækkunar og áhrif vaxtabreytinga verði 0,5 prósentustig til lækkunar. Samantekið spáum við því að reiknuð húsaleiga hækki um 0,3%.


Spá okkar um breytingu VNV milli mánaða í apríl er 0,05% hærrí en í síðustu spá, þ.e. þeirri sem við birtum í verðkönnunarviku VNV í mars. Skýrist munurinn að langmestu leyti af hækkun á heildsöluverði á mjólk og mjólkurvörum.

Spáum 3,3% verðbólgu í júlí

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Maí: +0,25% milli mánaða, 3,8% ársverðbólga
- Júní: +0,24% milli mánaða, 3,6% ársverðbólga
- Júlí: -0,27% milli mánaða, 3,3% ársverðbólga

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	15,0%	0,7%	0,10%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,1%	0,00%
Föt og skór	3,5%	0,2%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,0%	0,1%	0,02%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,3%	0,05%
Húsgögn og heimilisb.	5,6%	0,1%	0,00%
Heilsa	4,3%	0,3%	0,01%
Ferðir og flutningar (annað)	4,3%	0,8%	0,04%
Kaup ökutækja	6,0%	-0,6%	-0,04%
Bensín og díselolía	3,4%	0,6%	0,02%
Flugfargjöld	1,5%	1,0%	0,02%
Póstur og sími	1,4%	-0,4%	-0,01%
Tómst. og menning	10,0%	-0,2%	-0,02%
Menntun	0,5%	-0,1%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	1,1%	0,05%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,2%	0,01%
Alls	100,0%		0,27%



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



Helstu óvissuþættir

Stærstu óvissuþættir núna eru erlendir. Verðbólga í viðskiptalöndunum okkar og flutningskostnaður milli landa er hvoru tveggja að hækka. Óvíst er að hversu miklu leyti þetta mun skila sér í innlendu verðlagi og hversu hratt. Innanlands er líklega mest óvissa um þróun húsnæðisverðs.

1. Gengi krónunnar

Evrán kosta núna 1,7% minna og Bandaríkjadalur 1,1% minna en í síðustu verðkönnunarviku. Í spá okkar gerum við ráð fyrir svo til óbreyttu gengi næstu mánuði.

2. Kjölfesta verðbólguvæntinga

Í spá okkar gerum við ráð fyrir að verðbólguvæntingar haldist stöðugar. Hækki verðbólguvæntingar er að öðru óbreyttu líklegt að verðbólgan verði hærri í ár en við gerum ráð fyrir nú.

3. Húsnæðisverð og áhrif vaxtabreytinga

Vaxtalækkanir virðast hafa ýtt undir verðhækkanir á íbúðarhúsnæði. Við gerum ráð fyrir að sú þróun haldi áfram næstu mánuði, þ.e. að íbúðaverð hækki áfram. Við gerum ekki ráð fyrir frekari vaxtabreytingum á næstu mánuðum í spá okkar, en ef vextir hækka eða lækka er viðbúið að áhrif vaxtabreytinga á reiknaða húsaleigu verði önnur en við gerum núna ráð fyrir.


4. Heimsmarkaðsverð olíu

Heimsmarkaðsverð olíu lækkaði verulega þegar heimsfaraldurinn skall á. Það hefur þó hækkað verulega aftur og er komið á svipaðar slóðir og það var áður en faraldurinn braust út. Verð á Brent fór upp í um 70 USD/fatið í mars en er núna komið í 62 USD fatið.

5. Alþjóðleg verðbólga


Verðbólga í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu hefur hækkað síðustu mánuði. Verðbólguvæntingar eru einnig að hækka erlendis og áhyggjur hafa aukist yfir því að umfangsmiklar aðgerðir sem ráðist var í til að bregðast við efnahagslegum áhrifum faraldursins, muni leiða til hærri verðbólgu.

Verðbólguþáttur




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Gengisþróun



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Alþjóðleg verðbólga





Heimild: Macrobond



6. Flutningskostnaður

Frá árslokum 2019 hefur vísitala flutningskostnaðar með gámum hækkað um 62%. Töluvert mikil óvissa ríkir um að hversu miklu leyti þessi verðhækkun muni koma fram í verði vöruinnflutnings og hversu hratt.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.